

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2583
komudagur 21.5.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 21. maí 2012

Efni: Umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um framvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum. Þingskjal 1253, 762 mál.

Um starfsheimildir sparisjóðs - 2 gr.

Það er of mikil þrenging á starfsleyfi að útiloka sparisjóð frá eignastýringu eða rekstri eignastýringarfyrirtækis/rekstrarfélags. Eignastýring er nátengd ráðstöfun sparnaðar einstaklinga og mikilvægt að geta veitt einstaklingi heildarþjónustu með sinn sparnað hvort sem hann er ávaxtaður hjá sjóðnum sjálfum í formi innláns eða í sjóði á vegum eignastýringarfyrirtækis/rekstrarfélags sjóðsins/nokkurra eða allra sjóðanna. Í árslok 2010 voru rétt tæplega 300 milljarðar í verðbréfa og fjárfestingasjóðum. Með þessu er verið að takmarka mjög möguleika sjóðs á að geta veitt einstaklingi heildarþjónustu með sín persónulegu fjármál líkt og sparisjóðum er ætlað að gera. M.v. lagafrumvarpið að þá gæti sjóðurinn þurft að vísa frá sér umtalsverðum viðskiptum vegna þessa enda er stór hluti sparnaðar einstaklinga í verðbréfasjóðum sem reknir eru af eignarstýringarfyrirtækjum viðskiptabanka eða sérhæfðum eignarstýringarfyrirtækjum. Eignastýring og rekstur verðbréfasjóða hefur ekkert með áhættusækni sparisjóðs að gera heldur möguleika á að geta veitt einstaklingum heildarfjármálaþjónustu á samkeppnisgrunni við stóru viðskiptabankana.

Um hækkun stofnfjár - 70 gr.

Það er óþarfi að reyna að takmarka eða hindra að rekstrarhagnað, sem annars er laus til útborgunar arðs, verði ekki hægt að leggja við og hækka stofnfé ef fjárhæðin er umfram verðlagsbreytingar. Það má einu gilda hvort sá arður sem verður til af starfsemi sjóðsins sé „geymdur“ inni í sjóðnum meðal eiginfjár til vaxtar hans og viðgangs eða borgaður út sem arður á því ári sem hann verður til. Það geta verið hagsmunir sjóðsins að nýta uppsafnaðan arð til hækkunar eiginfjár til að efla viðskomandi sparisjóð frekar með auknum útlánum sem krefjast eiginfjár. Staða flestra sparisjóða er með þeim hætti að þeim veitti ekki af auknu eigin fé til vaxtar og styrkingar eiginfjár. Einnig er mikilvægt að eigið fé byggist upp á næstu árum í sparisjóðunum vegna endurkaupaáætlunar sem ríkið hefur boðið stofnfjáraðilum í þeim sjóðum þar sem ríkið á töluverðan hluta stofnfjár. Mætti horfa til þess að skipta óráðstöfuðu eigin fé sparisjóða í tvennt. Annars vegar það óráðstafaða eigið fé sem er til staðar í sjóðnum þegar þessi lagabreyting fer í gegn og svo


hinsvegar það eigið fé sem myndast eftir lagabreytinguna í gegnum rekstur. Það eigið fé sem ekki myndast í gegnum rekstur og varð til fyrir lagabreytinguna yrði ósnertanlegt m.t.t. lækkunar nema þá jöfnunar taps. Stofnfjáraðilum með tilskyldu atkvæðamagni er frjálst að ráðstafa úr hinu nýja óráðstöfuða eigin fé yfir í hið eldra óráðstafað eigið fé og festa þar með uppsafnaðan hagnað inni í sjóðnum varanlega ef þeir kjósa svo. Núverandi ákvæði hvetur til útgreiðslu hagnaðar í sjálfseignarstofnunar (ses) sparisjóði frekar heldur en að halda hagnaði inni í sjóðnum til eflingar hans og mögulegri útgreiðslu síðar. Auðvelt er að fara framhjá ákvæði í frumvarpinu með því að borga út hagnað viðkomandi árs og auka samhliða stofnfé um sambærilega fjárhæð og borga hagnaðinn/arðgreiðsluna inn aftur (nettó af fjármagnstekjuskatti). Þetta ákvæði er einnig mjög hvetjandi til þess að breyta um félagsform, þ.e.a.s. að breyta sparisjóði í hlutfélag þar sem ekki eru sambærileg ákvæði. Með þessu er því löggjafinn að hvetja til þess að sparisjóðir hlutfélagavæðist sem getur vart verið markmið laganna í sjálfu sér.

Um samruna – 72 gr.

- a) Skýra þyrfti betur texta 2 mgr. 72 gr. (t.d. með dæmi í greinargerð) þar sem rætt er um endurgjald fyrir stofnfé við samruna tveggja sparisjóða sem eru sjálfseignastofnanir. Væntanlega er átt við að stofnfjäreigendur geta ekki vænst hærra endurgjalds fyrir sitt stofnfé heldur en sambærilega krónutölu stofnfjár í yfirtökusjóðnum, eða króna fyrir krónu.
- b) Ákvæði um yfirtöku hlutfélaga (hf.) sparisjóðs á ses sparisjóði eru verulega íþyngjandi, sérstaklega ef eignfjárstaða yfirtökusjóðsins er ekki mjög rifleg eða að hf. sjóðurinn sem yfirtökuaðili er minni heldur en ses sjóðurinn. Íþyngjandi þátturinn felst í því að yfirtökusjóðurinn þarf að greiða út hluta af eiginfé sjóðsins sem er tekinn yfir, eða með öðrum orðum löggjafinn er að hvetja til skuldsettrar yfirtöku sem skýtur skökku við svo skömmu eftir efnahags- og bankahrun sem öðru fremur orsakaðist af mikilli skuldsetningu einstaklinga og fyrirtækja. Þetta þýðir að eigin fé sameinaðs sjóðs verður lægra eftir samruna sem nemur hinu óráðstafaða eigin fé sem er ótækt því með samruna er verið að reyna að stækka, styrkja og efla viðkomandi rekstrareiningar en ekki öfugt. Þetta ákvæði gæti gert hf. sparisjóði ómögulegt að taka yfir ses sparisjóð. Líklegt er að í tilvikum sem þessum myndu aðilar máls fremur velja sér leið kaupa á eignum, rekstri og yfirtöku innlána og skuldbindinga út úr ses sjóðnum inn í hf. sjóðinn og slíta svona ses sjóðnum. Einnig að hlutfélagavæða hinn yfirtekna sparisjóð áður en að samruna kæmi. Kaup Landsbankans á Sparisjóði Svarfdæla er þannig framkvæmd en þar er stór hf. banki að kaupa ses sparisjóð. Það er því leið framhjá þessu ákvæði og því ástæðulaust að vera með slík íþyngjandi ákvæði.
- c) Það er ótækt að við þær aðstæður að sjálfseignarstofnun verður til í kjölfar breytingar á félagsformi eða samruna ses sjóðs í hf sjóð eða hf banka að þá verði stýring þess sjóðs í höndum annarra heldur en aðila á starfssvæði sjóðsins. Núverandi frumvarp gerir ráð fyrir að ráðherrar geti a.m.k. skipað 2 af 3 stjórnarmönnum sjálfseignarstofnunar en geti engu að síður skipað þá alla ef svo ber undir. Eðlilegt er að sveitarstjórnir á viðkomandi

starfssvæði eða hópur stofnfjarðila sem áttu stofnfé í viðkomandi sjóði þegar honum var breytt eða hann sameinaður hafi með þessa ráðstofun stjórnarsæta að gera enda hafa þeir í dag umráðarétt og ráðstofunarrétt yfir hinu óráðstafaða eigin fé. Það er einnig eðlileg krafa að sjónarmið heimamanna á starfssvæði sjóðsins ræði enda væri hið óráðstafaða eigið fé til í gegnum rekstur sjóðsins og viðskipti samfélagsins við sjóðinn í gegnum tíðina.

Virðingarfyllt.



F.h. KEA svf



F.h. Sparisjóðs Hofðhverfinga



F.h. Akureyrarkaupstaðar



F.h. Gædmy Sælladóttir